

# KABRIC Floor Prepare

DETALE CPH er einstök vörulína sem ætluð eru til skrauts sem er hægt að gera virkilega öðruvísi hluti með. Litirnir og áferðirnar eru innblásin af skandinavískri hönnun og hefð og fyrirmyndin er breytileiki náttúrunnar. Vörurnar henta bæði fagmönnum og þeim sem vilja gera hlutina sjálfir.

## Vörulýsing

Hraðþornandi PU grunnur. Notað sem viðloðunargrunnur eða jafnvel undirlag fyrir meðhöndlun með KABRIC Floor. Binst við undirlagið og er notað til að tryggja viðloðun síðari meðhöndlunarinnar. Fylgir með KABRIC Floor gólfmeðhöndlunarkerfi.



- PU grunnur
- Viðloðunargrunnur
- Þornar hratt

## Notkunarmöguleikar

Grunnun á terrazzo, steypu, dúkum, áður meðhöndluðu gólfi og harðparketi áður en KABRIC Floor er borið á yfirborðið. Notað til að grunna jafna fleti. Allar ójöfnur eða fôr í undirlaginu geta verið sýnilegar á fullnum fletinum.

## Undirlag

Verður að vera algjörlega hreint, jafnt, þurr, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

## Meðhöndlun

Fjarlægja skal ójöfnur í sementi með vélpússun.

Leifar af fitu, olíu, vaxi og pólsku eru fjarlægðar með grunnhreinsun, slípusvampi og vélrænni hreinsun.

Fjarlægjið laust efni og málningu með því að hreinsa, pússa og þurrka af.

Fjarlægjið óhreinindi, fitu og aðskotaefni með hreinsun.

Fjarlægjið leifar af kalki og sápu með afkölkunarefni.

Fasturaf kalki, sápu, fitu, olíu og vaxi eru fjarlægðar með slípusvampi og vélrænni hreinsun.

Pússið slétt hörð og sleip yfirborð.

Fyllið í sprungur og holur með epoxý fyllingarefni áður en meðhöndlun er hafin.

Pússið fyrir frekari meðhöndlun.

Ljúkið meðferðinni með KABRIC Floor og KABRIC Strongcoat eða KABRIC Floor Strongcoat Extra.

# Notkun

Pensill eða rúlla.

Veljið verkfæri eftir umfangi krafna fyrir fullunnið yfirborð.

Slökkvið á gólfhita á meðan á meðhöndlun stendur.

Eftir meðhöndlun skal hækka gólfhitann í þrepum.

Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Hindra þarf rakapéttingu við þurrkun/hörðun.

Kuldi og aukið rakastig lengir þurrktíma, tefur fulla verkun og lengir tíma á milli yfirmálunar.

Mikill hiti og lítill loftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.

Viðarfletir verða að vera með jafnan raka við meðhöndlun.

Ávallt skal gera prufu á fleti til að sjá viðloðun og útkomu.

## Væntanleg útkoma

Slétt og þakið yfirborð.

Ljúkið meðferðinni með KABRIC Floor, svo KABRIC Strongcoat eða KABRIC Floor Strongcoat Extra.

Breytingar á stærðum sökum raka í undirlaginu getur myndað sýnileg för í lokaáferðinni.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum áður en þú þværð þau. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

## Tæknilegar upplýsingar

Eðlisþyngd (kg/l)	1.20
Efnisnotkun (m <sup>2</sup> /ltr.)	11
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +15°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	7
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

### Núverandi TDS útgáfa

júní 2022

### Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021